



Fréttabréf leikskólans Barnabóls
5.tbl. 2. árg.- nóvember til desember 2006

Markmið fréttabréfa Barnabóls er að koma á framfæri upplýsingum til foreldra um leikskólann og leikskólastarfið hverju sinni.

Komið þið sæl og blessuð.
Eftirfarandi er smá pistill um það sem efst á baugi á leikskólanum.

Breyting á dvalartilboðum

Á fundi Fræðslunefndar Höfðahrepps 23. október s.l var samþykkt að fella niður dvalartilboð frá kl.13-17 frá og með 1. nóvember 2006 með fyrirvara um að taka málið upp aftur ef þörf krefur. Í stað 13-17 dvalartímans er boðið upp á dvalartíma frá kl. 12-16. Undanfarin ár hefur eftirspurn og áhugi á 13-17 tímanum sífellt farið minnkandi og eru einungis þrjú börn sem nýta þenna dvalartíma og engin umsókn um hann fyrirbyggjandi. Aftur á móti hefur eftirspurn eftir 8-14 og 8-16 tímanum aukist. Leikskólinn er því nánast einsetinn frá 1. nóvember 2006 og felst í því bæði faglegt og rekstaralegt hagræði fyrir leikskólastarfið.

Á fundinum var einnig ákveðið að frá 1. nóvember 2006 stæði foreldrum til boða að kaupa hádegismat á Lundi fyrir börn sem eru í 8-12 dvöl.

Börnin á leikskólanum

Í dag eru 39 börn á leikskólanum og verða væntanlega 40 eftir áramótin.

Starfsmannahald

Ég hef heyrt á foreldrum að þeim hafi fundist mikið um afleysingar á leikskólanum í haust og undanfarin ár og vil fara yfir málið í stórum dráttum: Tveir starfsmenn eru í námi við KHÍ og hafa farið í tvær innilotur frá ágúst til nóvember og fara í frí vegna prófa í desember. Það sér fyrir endann á námi þeirra og í vor verða væntanlega fjórir leikskólakennarar starfandi á Barnabóli sem er mjög gott fyrir leikskólann.

Nokkrir starfsmenn eiga 30 daga sumarfrí og eftir sumarlokun í 24 daga eiga þeir 5-6 daga eftir sem þeir eru að taka af og til. Eins og á öðrum vinnustöðum koma upp ófyrirséð veikindi starfsmanna, barna starfsmanna, ásamt fríum vegna námskeiða og frí vegna sérstakra aðstæðna starfsmanns.

Miklar fjarvistir fastráðins starfsfólks geta haft áhrif á leikskólastarfið og stundum þurfum við að laga okkur að þeim veruleika en á móti kemur að við höfum getað mannað afleysingarnar og fengið gott fólk í þær stöður.

Það er margt áhugavert að gerast, t.d. frá 16. september til 9. nóvember hafa fjórir af starfsmönnum leikskólans, verið á *Grunnnámskeiði fyrir starfsfólk í leikskólum*. Námskeiðið er á vegum Farskólans á Sauðárkróki og kennt í gegnum fjarfundarbúnað frá Selfossi til margra staða á landinu og er mikill fengur í þessu námskeiði.



Skipulags- og námskeiðsdagar 2007

Skipulags- og námskeiðsdagar Barnabóls eru þrjár á starfsárinu frá ágúst 2006 til ágúst 2007, einn var nýttur fyrir Haustþingið í september en það er ekki komin dagsetning á hina tvo - við reiknum með í febrúar/mars og maí/júní.

Grunnskólaheimsóknir

Útskriftarhópurinn -11 börn fóru í heimsókn í Höfðaskóla 16. og 17. október s.l. og við fengum góða heimsókn frá 1. bekkingum á móti.

Uppákomudagar Barnabóls og Aðventan

Mánaðardagskráin fyrir nóvember og desember sem var send út nýlega er áætlun yfir helstu viðburði og vil ég vekja athygli á að dagskrárliðir geta færst til og er það þá auglýst á deildartöflum. Árlega bjóða börnin pabba og mömmu í aðventukaffi og í ár (7/12) langar okkur að bjóða ömmum og öfum með og verður þetta auglýst betur er nær dregur. Piparkökubaksturinn verður **laugardaginn 2. desember** og fyrir þá foreldra sem hafa ekki tekið þátt áður fer þetta þannig fram að á pipakökudaginn koma foreldrar og börn á ákveðnum tíma f.h. í leikskólann og baka saman piparkökur. Hefð hefur skapast fyrir því á Skagaströnd að sama dag er föndurdagur í Höfðaskóla svo endilega takið daginn strax frá sem fjölskyldudag á aðventunni.

Innra starf leikskólans og árlegur foreldrafundur

Vetrarstarfið er byrjað af fullum krafti; hópastarf, val og samverustundir er á hverjum degi, Stig af stigi tvisvar í viku, leikfimin einu sinni í viku, farið er í göngu- og vettvangsferðir. Stuðningsstundir eru frá 12:20-13:40 þar sem m.a. er verið að efla málþroska, úthald, eftirtekt, einbeitingu og jákvæðan aga. Eins og undanfarin ár er aðal þemað alhliða hreyfing, frjáls leikur, sköpun og samvera. Árlegur foreldrafundur verður **fim. 16. nóvember n.k. kl. 20:00-22:00**

Foreldarafélagið

Mikið og gott starf er hjá foreldrafélaginu, bestu þakkir fyrir það. T.d. var danskennslan í október niðurgreidd, haldinn kökubasar 3. nóvember, hópferð á leikritið um Gosa á Sauðárkrók 6.nóvember og 7.nóvember munu foreldrafélög Barnabóls og Höfðaskóla standa fyrir netfyrirlestri frá Stefáni Karli um einelti og ofbeldi meðal barna.

Léttmeti í lokin

Tveir minnstu menn á eldri deild voru úti og annar fór að gráta, þá kom vinurinn að hugga og sagði fullorðinslega: „Hættu nú bara að gráta, félagi“. Einn starfsmaður segir við telpu: „Ósköp ertu með ljótan hósta, vinan“ og telpan svarar: „Já, en ég er alltaf að reyna að gera hann fallegan“. Einn sagði að amma sín væri dáin. „Nú,ú“ segir starfsmaðurinn hissa: „Já, hún var að þrjóna á mig sokka og hún þrjóni og þrjóni og dey-ið var alveg að koma“.

Með kærri kveðju

Þórunn Bernódusdóttir og starfsmenn Barnabóls